

KLÓÞANG – ROCKWEED

Ascophyllum nodosum

RÁÐGJÖF – ADVICE

Hafrannsóknastofnun ráðleggur í samræmi við varúðarsjónarmið að heildartekja klóþangs í Breiðafirði árin 2018–2022, verði ekki meiri en 40 þús. tonn á ári.

MFRI advises that when the precautionary approach is applied the total annual harvest of rockweed (Ascophyllum nodosum) in Breiðafjörður in the years 2018–2022 should not exceed 40 000 tonnes.

FORSENDUR RÁÐGJAFAR – BASIS FOR THE ADVICE


Stofnstærðarmat, framkvæmt í Breiðafirði, bendir til að um 1.37 milljón tonn af klóþangi sé í firðinum. Í ljósi varúðarsjónarmiða miðast ráðgjöf við 3% af því mati. Verði þangtekja samkvæmt þessu mun það leiða til um það bil tvöföldunar á magni klóþangs sem tekið er árlega úr Breiðafirði. Þetta nýtingarhlutfall er þó mun lægra en miðað er við í Kanada (Ugarte & Sharp 2012), enda er vöxtur klóþangs hægari hér við land.

A survey on rockweed in Breiðafjörður in 2017 estimates a biomass of about 1.37 million tonnes. Based on the precautionary approach, MFRI advises harvest of no more than 3% of the survey estimate. This harvest rate will lead to a significant increase in annual harvest in Breiðafjörður, however the rate is much lower than in Canada (Ugarte & Sharp 2012) where growth is faster.

AFLI – HARVEST

Síðan 1975 hefur klóþangs eingöngu verið aflagi í Breiðafirði. Uppskeran hefur frá 1980 oftast verið á bilinu 10–18 þús. tonn á ári.

Harvest of rockweed has been confined to the Breiðifjörður area. Since 1980 the annual harvest has fluctuated between 10 000 and 18 000 tonnes.



Klópang. Afli frá árinu 1980.
Rockweed. Harvest since 1980.

HEIMILDIR OG ÍTAREFNI – REFERENCES AND FURTHER READING

Karl Gunnarsson, Julian Burgos, Lilja Gunnarsdóttir, Svanhildur Egilsdóttir, Gunnhildur I. Georgsdóttir & Victor F. Pajuelo Madrigal 2017. Klóþang í Breiðafirði, útbreiðsla og magn. Hafrannsóknastofnun, mars 2017.

<https://www.hafogvatn.is/static/extras/images/lifmassi.klothangs.skyrsla.kg318233.pdf>

Ugarte, R. & Sharp, G. 2012. Management and production of the brown algae *Ascophyllum nodosum* in the Canadian maritimes. *Journal of Applied Phycology*, 24: 409-416.